



Umsókn um nám við Háskóla Íslands

Gagnlegar upplýsingar og
leiðbeiningar frá Nemendaskrá



HVERNIG SÆKJA Á UM GRUNNNÁM VIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS FYRIR SKÓLAÁRIÐ 2017 – 2018



Umsóknarfrestur til 5. júní

Umsóknarfrestur um grunnám við Háskóla Íslands er frá byrjun mars til og með 5. júní. [Almennt inntökuskilyrði í HÍ](#) er stúdentspróf eða sambærilegt próf frá innlendum eða erlendum skóla. Sumar deildir hafa til viðbótar ákvæði um lágmarkseiningafjölda í ákveðnum námsgreinum. Sjá nánar um inntökuskilyrði í [Kennsluskrá HÍ](#).

Rafrænt umsóknareyðublað

[Rafrænt umsóknareyðublað](#) er á vef HÍ frá byrjun mars til og með 5. júní, eingöngu er tekið við rafrænum umsóknum. Hægt er að leita ráðgjafar og upplýsinga um námsval hjá [Náms- og starfsráðgjöf HÍ](#), á [vef skólans \(www.hi.is\)](#) og í [Kennsluskrá HÍ](#). Ef sótt er um oftan en einu sinni gildir einungis nýjasta umsóknin.

Stúdentsprófsskírteini

Stúdentsprófsskírteini verða sótt rafrænt í Innu (nemendakerfi flestra framhaldsskóla) þar sem það er mögulegt. Umsækjendur þurfa að gefa HÍ heimild til að sækja skírteini í gegnum Innu og er það gert í umsókninni. Ef sá möguleiki kemur ekki upp í umsókn þá þarf að skila staðfestu afriti af stúdentsprófi á pappír (með undirritun og stimpli í lit frá skóla) til [Nemendaskrár, 3.hæð Háskólatorgs](#) eða á [Þjónustuborði Háskólatorgs](#). Hægt er að koma með frumrit og biðja starfsfólks um að ljósrita það og staðfesta gegn 350 kr. gjaldi. Ekki er hægt að veita heimild fyrir rafrænum skilum í Innu eftir að umsókn hefur verið send.

Síðasti skiladagur stúdentsprófsskírteinis er 12. júní.

Veflykill til að fylgjast með umsókn

Við lok skráningu umsóknar þarf að staðfesta umsóknina. Að því loknu fá umsækjendur sendan veflykil í tölvupósti sem þarf að varðveita vel. Á [upplýsingasiðu fyrir umsækjendur](#) ([www.nynemar.hi.is](#)) þarf að fylgjast með framgangi umsóknarinnar með því að slá inn kennitölu og veflykil. Veflykillinn er einungis notaður til að komast inn á þessa síðu. Ef veflykill glatast getur umsækjandi haft samband við Nemendaskrá HÍ eða Þjónustuborðið Háskólatorgi.

Ath. svar við umsókn er einungis rafrænt inn á [upplýsingasiðunni, nynemar.hi.is](#).

Undanþága frá stúdentsprófi

Þeir sem ekki hafa lokið stúdentsprófi geta sótt um [undanþágu frá formlegum inntökuskilyrðum deilda. Umsóknarfrestur er frá byrjun mars](#) til og með 5. júní og er umsóknum skilað með sama hætti og öðrum umsóknum. Við það er miðað að umsækjendur hafi lokið að lágmarki 100 einingum í framhaldsskóla og hafi umtalsverða starfsreynslu. Breytilegt er eftir deildum hvort veittar eru undanþágur og hvort gerðar eru kröfur um sérstaka samsetningu eininga. Staðfest afrit (með undirritun og stimpli frá skóla) af námsferli úr framhaldsnámi og starfsvottorð þurfa að berast á pappír til Nemendaskrár fyrir 12. júní.

Skrásetningargjald

Ef umsókn er samþykkt þá mun krafa um [skrásetningargjaldið](#) birtast í netbanka umsækjanda ásamt rafrænum reikningi. Getu þarf þess sérstaklega í umsókninni ef óskað er eftir að fá greiðsluseðil sendan á lögheimili. Skrásetningargjald Háskóla Íslands er 75.000 kr. og er **eindagi gjaldsins 4. júlí**, eftir eindaga fellur krafan niður og jafnframt vilyrði um skólavist. Nánari upplýsingar varðandi skrásetningargjöld Háskóla Íslands má finna á heimasíðu skólans.

Skrásetningargjaldið er ekki endurgreitt, hætti stúdent námi.

Ugla: notandanafn og lykilorð

Sólarhring eftir að skrásetningargjaldið hefur verið greitt geta nýir nemendur við HÍ farið inn á [upplýsingasiðu fyrir umsækjendur](#) [www.nynemar.hi.is](#) (þar þarf að nota kennitölu og veflykil) til að nálgast notandanafn og lykilorð fyrir Uglu, innri vef Háskóla Íslands. Nýja notandanafnið og lykilorðið virkjast á tveimur klukkustundum, að þeim tíma liðnum geta nemendur byrjað að nota Ugluna [www.ugla.hi.is](#).

A-próf (Aðgangspróf fyrir hjúkrunarfræði og lögfræði)

Umsóknarfrestur til skráningar í [A-próf](#) (Aðgangspróf) er til 12. mars vegna próftöku í mars og til 5. júní vegna próftöku í júní.

Eingöngu er tekið við rafrænum skráningum í A-próf í hjúkrunarfræði og lögfræði. Á [vefsíðu HÍ um A-próf](#) má finna ýmsar upplýsingar varðandi prófið og tilhögun þess. **Ath. skráning í A-próf gildir ekki sem umsókn um grunnám við HÍ.**

Inntökupróf (læknisfræði og sjúkráþjálfunarfræði)

Umsóknarfrestur í [inntökuprófið](#) er til og með 20. maí. Eingöngu er tekið við rafrænum umsóknum í inntökupróf í læknisfræði og sjúkráþjálfunarfræði með því að fylla út rafræna [umsókn um nám](#). Greiða þarf próftökugjald, 20.000 kr. og mun krafa þar um birtast í netbanka umsækjanda, gjaldið er óendurkræft hætti umsækjandi við próftöku. Stúdentspróf er skilyrði fyrir próftöku og í umsókn þarf að heimila HÍ að sækja skírteini í gegnum Innu. Ef sá möguleiki kemur ekki í umsókn þarf umsækjandi að skila staðfestu afriti á pappír af prófsskírteini eða staðfestingu um að stúdentsprófi muni verða lokið fyrir próftökudag, til Nemendaskrár HÍ, fyrir lok umsóknarfrests, 20. maí. Nánari upplýsingar varðandi inntökuprófið má finna á [heimasíðu læknadeildar](#).

HVERNIG SÆKJA Á UM FRAMHALDSNÁM VIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS FYRIR SKÓLAÁRIÐ 2017 – 2018



Umsóknarfrestur

Umsóknarfrestur um framhaldsnám við Háskóla Íslands er frá 4. mars til og með **15. apríl**. Umsóknarfrestur til að hefja nám á vormisseri er frá 10. september til og með **15. október**. Á vef HÍ má finna upplýsingar um [námsframboð í framhaldsnámi](#) við skólann. Inntökuskilyrði í framhaldsnám við HÍ eru mismunandi eftir námsgreinum. Hægt er að leita ráðgjafar og upplýsinga um námsval hjá [Náms- og starfsráðgjöf HÍ](#), [hjá starfsmönnum deildarskrifstofa](#), [á vef skólans \(www.hi.is\)](#) og í [Kennsluskrá HÍ](#).

Rafrænt umsóknareyðublað

Einungis er hægt að sækja um nám með rafrænum hætti og er [rafrænt umsóknareyðublað](#) aðgengilegt á vef Háskóla Íslands á ofantöldum umsóknartímabilum. Eingöngu er tekið við rafrænum umsóknum á tilsettum umsóknartímabilum. Nánari upplýsingar um umsókn er hægt að fá hjá viðeigandi deildarskrifstofu, [Nemendaskrá](#) sem er opin alla virka daga frá kl. 9:00-12:00 og frá 12:30-15:00 eða á [Þjónustuborði Háskólatorgs](#) sem er opið frá kl. 8:30-17:00 alla virka daga nema föstudaga þá lokar kl. 16:00.

Staðfest ljósrit/afrit af prófskírteini

Þeir sem hafa lokið námi frá öðrum háskólum en HÍ þurfa að skila frumriti eða staðfestu ljósriti/afriti af prófskírteini (með undirritun og lituðum stimpli frá skóla) á pappírformi til [Nemendaskrár HÍ, 3. hæð Háskólatorgi, 101 Reykjavík](#). Umsækjendur sem lokið hafa grunnnámi frá HÍ eftir 1981 þurfa ekki að skila afriti af prófskírteini. Skila þarf öllum fylgigögnum eigi síðar en 29. apríl fyrir haustmisserið og 30. október fyrir vormisserið. Umsækjendur sem áætla að ljúka fyrstu háskólagráðu í júní eða október skila vottorði/staðfestingu um námslok til deildarskrifstofu, nemendur HÍ þurfa ekki að skila inn slíki staðfestingu.

Síðasti skiladagur fylgigagna er 29. apríl og 30. október.

Ýmis fylgigögn

Hægt er að senda ýmis fylgigögn rafrænt, á pdf formi, með umsókn. Sumar deildir skólans gera kröfur um að sérstök fylgigögn séu sett inn í umsóknina. Á vef HÍ – umsókn um nám - er hægt að finna upplýsingar yfir [möguleg rafræn fylgigögn](#) sem hægt er að setja inn með umsókn. Nánari upplýsingar varðandi fylgigögn með umsókn er hægt að fá hjá [viðeigandi deildarskrifstofu](#). Ef óskað er eftir meðmælabréfi ber umsækjanda að biðja umsagnaraðila að senda það beint til Nemendaskrár, umsokn@hi.is.

Veflykill til að fylgjast með umsókn

Við lok skráningar umsóknar er nauðsynlegt að staðfesta umsóknina til þess að hún skili sér inn í umsóknarkerfið. Umsækjendur fá í kjölfarið staðfestingu á móttöku umsóknar á skjáinn og einnig kvittun með tölvupósti sem inniheldur veflykil sem þarf að varðveita vel. Á vefsíðunni [nynemar.hi.is](#) (upplýsingasiða fyrir umsækjendur) þarf að fylgjast með framgangi umsóknar með því að slá inn kennitölu og veflykil. Veflykillinn er einungis notaður til að komast inn á þessa vefsíðu. Ef veflykill glatast getur umsækjandi haft samband við Nemendaskrá HÍ, umsokn@hi.is, s: 525-4309 eða Þjónustuborðið Háskólatorgi, haskolatorg@hi.is, s: 525-5800.

Skrásetningargjald

Ef umsókn er samþykkt birtist krafa um greiðslu [skrásetningargjalds](#) í netbanka umsækjanda ásamt rafrænum reikningi. Ef óskað er eftir að fá greiðsluseðil sendan á lögheimili þá þarf að velja þann möguleika í rafrænu umsókninni. Skrásetningargjald Háskóla Íslands er 75.000 kr. og er **eindagi skrásetningargjaldsins 4. júlí**. Eftir eindaga fellur krafan niður og jafnframt vilyrði um skólavist. Nánari upplýsingar varðandi skrásetningargjöld Háskóla Íslands má finna á heimasíðu skólans.

Skrásetningargjaldið er ekki endurgreitt, hætti stúdent námi.

Ugla: notandanafn og lykilorð

Sólarhring eftir að skrásetningargjaldið hefur verið greitt geta nýir nemendur við HÍ farið inn á upplýsingasiðuna [www.nynemar.hi.is](#) (þar þarf að nota kennitölu og veflykil) til að nálgast notandanafn og lykilorð fyrir Uglu, innri vef Háskóla Íslands. Nýja notandanafnið og lykilorðið virkjust á tveimur klukkustundum, að þeim tíma liðnum geta nemendur byrjað að nota Ugluna [www.ugla.hi.is](#).